

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 21. nóvember 1966 og innheimta á árinu 1967 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
- c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reiknað þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1966.

F. h. r.

Guðlaugur Þorvaldsson.

Björn Hermannsson.

30. desember 1966.

Nr. 276.

REGLUGERÐ

um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1967.

Árið 1967 skulu iðgjöld samkvæmt 26. og 28. gr. almannatryggingalaga nr. 40/1963 vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 26. gr. l. nr. 40/1963:

a. Hjón	kr. 3 850.00
b. Karlar	— 3 500.00
c. Konur	— 2 625.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 28. gr. l. nr. 40/1963:

Fyrir hverja vinnuviku	— 28.00
------------------------------	---------
3. Í jan. 1967 skal greiða upp í iðgjöld skv. 26. gr. sem hér segir:

a. Hjón og karlar	— 2 000.00
b. Konur	— 1 400.00

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, sbr. lög nr. 86 23. desember 1966, um heimild til verðstöðvunar, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.